

Ár 2017, fimmtudaginn 26. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstjóra
Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og
ráðgjafarstofnunar hafs og vatna**

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 1. apríl 2016 frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð ákveði laun forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Í bréfinu kemur fram að lög um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna hafi verið samþykkt á Alþingi í desember 2015. Samkvæmt lögnum taki stofnunin til starfa 1. júlí 2016 en jafnframt sé veitt heimild til að skipa forstjóra allt að sex mánuðum fyrr. Fram kemur að nýrri stofnun sé ætlað að taka við verkefnum sem verið hafi hjá Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun. Markmiðið með hinni nýju stofnun sé að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og ferskvatni og stuðla í senn að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlindanna. Í bréfinu segir að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafi verið 145 og starfsmenn Veiðimálastofnunar 21. Gert sé ráð fyrir að starfsmenn nýrrar stofnunar geti orðið allt að 166. Þá segir að fjárhagsrammi stofnunarinnar sé 3,4 milljarðar króna og þar af séu sértekjur ætlaðar 1,5 milljarður króna. Fram kemur að nýr forstjóri hafi verið skipaður frá 1. apríl 2016.

Með bréfi dagsettu 19. maí 2016 var forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið. Jafnframt var fjármála- og efnahagsráðuneyti með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Forstjórinn sendi kjararáði bréf dagsett 22. apríl 2016. Í bréfinu kemur fram að hann muni undirbúa sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar, en sameinuð stofnun taki til starfa 1. júlí 2016. Forstjórinn verði fulltrúi Íslands hjá Alþjóða hafrannsóknaráðinu og komi að stefnumótun og rekstri ráðsins sem sé umfangsmikið. Forstjórinn sé einnig fulltrúi í samtökum forstöðumanna stofnana sem sinni haf- og vatnarannsóknem í Evrópu og í stjórn Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna en Hafrannsóknastofnun beri ábyrgð á rekstri skólans.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 20. apríl 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra stofnana við ákvörðun um laun forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna og gæti jafnræðis við töku ákvarðana.

Með bréfi dagsettu 19. maí 2016 fékk forstjóri Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi forstjórans dagsettu 26. maí 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytisins. Fram kemur að stofnunin sé með stærri ríkisstofnunum, bæði þegar komi að fjárhagslegum rekstri og starfsmannafjölda. Stofnunin hafi einnig umtalsverðar sértekjur. Þá spanni stofnunin vítt verksvið eins og sjá megi í lögum nr. 112/2015. Hún veiti stjórnvöldum ráðgjöf um veiðinýtingu og aðra nýtingu á afar mikilvægum auðlindum í hafinu og vötnum landsins og hafi því mikla ábyrgð.

III.

Samkvæmt lögum nr. 112/2015 skal starfrækja sjálfstæða rannsókn- og ráðgjafarstofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sem heyri undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Markmið laganna er að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lífandi auðlindum í hafi og ferskvatni og stuðla í senn að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlindanna. Í lögnum er hlutverk stofnunarinnar skilgreint í 18 liðum. Er þar kveðið á um rannsókn- og ráðgjafarhlutverk hennar, skyldu til miðlunar upplýsinga til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings ásamt því verkefni að veita lögboðnar umsagnir. Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna skal stuðla að virkum samskiptum og rækta samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir á fagsviði sínu, meðal annars með þátttöku nemenda í framhaldsnámi í rannsóknaverkefnum stofnunarinnar.

Ráðherra skipar forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk. Hann hefur sér til ráðuneytis níu manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal forstjórinn sitja fundi með nefndinni. Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðuneytis um langtíma-stefnumótun starfseminnar og vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er ný stofnun sem varð til við sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. Við ákvörðun launa forstjóra stofnunarinnar hefur verið höfð hliðsjón af launum þeirra forstjóra sem stýrðu þeim stofnunum sem nú hafa verið lagðar niður, en tekið mið af auknu umfangi og verkefnum hinnar nýju stofnunar. Þá var einnig höfð hliðsjón af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. apríl 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 1.023.517 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber